



Fundargerð	
Yfirskrift / efni:	1.fundur stjórnar KLÍ 2016-2017
Staðsetning:	Skrifstofa KLÍ
Hvenær:	2.júní 2016 kl 20:00
Pátttakendur:	Ásgrímur Helgi Einarsson (ÁHE) Formaður Bjarni Páll Jakobsson (BPJ) Varaformaður Hafþór Harðarson (HH) Ritari Sesselja Unnur Vilhjálmsdóttir(SUV) Gjaldkeri Svanhildur Ólafsdóttir(SÓ) Meðstjórnandi Valgeir Guðbjartsson (VG) 2 Varamaður
Boðuð forföll:	Björgvin Helgi Valdimarsson (BHV) Varamaður
Fjarverandi:	Stefán Claessen (SC) 3 Varamaður
Fundarritari:	SÓ

Dagskrá fundar

1. Staðfesting fundagerðar síðasta fundar
2. Skipting starfa
3. Starf framundan
4. Starfsmannamál
5. Nefndarstörf
6. Önnur mál

Staðfesting fundagerðar síðasta fundar

Síðasta fundargerð samþykkt með leiðréttingum.

Skipting starfa

BPJ varaformaður, SUV gjaldkeri, HH ritari, SÓ meðstjórnandi, VG og SC varamenn þeir fengu jafnmörg atkvæði á þingi og stjórn varð að ákveða röð -sjá að ofan.

Starf framundan

Tekið undir liðnum önnur mál.

Starfsmannamál

Taka þarf starfssamninginn og starfslýsingu til endurskoðunar.

Athuga afreksstarf og hvort sé komin tími til að vera með starfsmann sem sér um afreksmál. ÁHE leggur til að skoða hvort KLÍ treysti sér til að vera með starfsmann og afreksstarfsmann á launum.

Gæti verið að hluti af afreksstefnunni komist fyrir í starfi starfsmann. Starfsmaður gæti t.d. sinnt fjölmiðlum og hluta til starfi mótanefndar. Afreksstarfsmaður gæti t.d. verið yfirþjálfari og síðan væru þjálfarar í landsliðunum.

Samþykkt að segja upp starfsmanni vegna endurskoðunar starfslýsingar.

BPJ og ÁHE taka að sér að fara yfir starfssamning og starfslýsingu og leggja fyrir á fundi.

Nefndarstörf

Taka þarf saman hvernig nefndir eru skipaðar og tala við félögin um að fá fleiri í nefndir, vísað til starfsmanns.

Önnur mál

Vilhjálmur og Tolli eru að laga heimasíðu KLÍ og stefnan er að verða búnir að gera hana tilbúna í haust.

HH gagnrýnir að landsliðsspilarar þurfi að greiða hluta af ferðum sínum en þjálfari og aðstoðarmaður þjálfara fái dagpeninga. Finnst að allir ættu að fá dageninga. Kemur fram að KSÍ er eina sambandið sem greiðir spilurum dagpeninga.

Vísað til starfsmanns að gefa SUV skiptingu umsjónamanna vegna utandeildar.

Simmi bað um að boðaður yrði fundur með KLÍ og Reykjavíkurfélögunum vegna næsta vetrar. ÁHE boðar fundinn.

ÁHE og VG skoða með Simma að halda annað stórmót hér á landi.

ÁHE felur starfsmanni ýmis störf v/ þingsins.

Ákveðið að lesa yfir ályktun um aðstöðu fyrir keiluna heima og afgreiða rafrænt.

Guðmundur sendi styrktarumsókn v/ESBC og samþykkt að lána honum fána og útvega honum tvenna keppnisboli.

Fara yfir keilara ársins, vísað til næsta fundar-HH kemur með tillögu þá.

ÁHE svarar fyrirspurn til Andrésar varðandi umspil – spilað sé heima og heiman og venslasamningar eru í gildi.

Fundi slitið kl. 21:30

Áætlað að halda fundi annan fimmtudag í mánuði kl 18:00

Næsti fundur 14.júlí kl 18:00